

BRÁÐABIRGÐALÖG

57

5. júlí

um bann gegn vinnustöðvun íslenzkra atvinnuflugmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að Félag íslenzkra atvinnuflugmanna hafi boðað til vinnustöðvunar hjá íslenzkum atvinnuflugmönnum frá og með 6. þ. m. að telja.

Komi slík vinnustöðvun til framkvæmda, myndi hún valda algerri stöðvun á flugi þeirra tveggja íslenzkra flugfélaga, sem halda uppi reglubundnu áætlunarflugi, en rekstursafkoma félaga þessara mun ekki þola slíka stöðvun nú og væri framtíð þeirra teflt í mikla hættu, ef starfsemi þeirra væri þannig stöðvuð.

Slík stöðvun myndi nú, er þúsundir erlendra ferðamanna hafa pantað far hjá félögum þessum, verða flugfélögunum og þjóðinni allri álitshnekkir og stórspilla samkeppnisaðstöðu íslenzkra flugfélaga á alþjóðavettvangi.

Loks myndi stöðvun á starfsemi flugfélaganna, þar með á flugi á innlendum flugleiðum, valda innlendum aðilum tilfinnanlegum óþægindum og tjóni.

Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir framangreinda stöðvun á starfsemi íslenzkra flugfélaga.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Óheimilt skal að hefja verkfall það, sem Félag íslenzkra atvinnuflugmanna hefur boðað til hjá íslenzkum atvinnuflugmönnum 6. júlí 1960, svo og aðrar slíkar vinnustöðvanir hjá íslenzkum atvinnuflugmönnum, fyrir 1. nóvember 1960.

2. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 5. júlí 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.